

**Leikskólinn Ugluklettur**  
**Uglukletti 1**  
**310 Borgarnesi**



**Skólanámskrá Uglukletts**  
**Leikur Virðing Gleði**

**Lokaskýrsla til Sprotasjós**

**Nafn skóla:** Leikskólinn Ugluklettur Borgarnesi

**Nafn verkefnisins:** Skólanámskrá Uglukletts. Leikur, virðing, gleði

**Nafn verkefnisstjóra:** Kristín Gísladóttir

**Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk:** 32.2012-2013

Verkefnið hlaut styrk árið 2012

- **Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:** Markmið verkefnisins var að vinna skólanámskrá sem sameinar áherslur skólans um nýja nálgun í skólastarfi og grunnþætti menntunnar. Að vinna verkefnið í samvinnu við börn, starfsfólk og foreldra þannig að grunnur væri lagður að námi þeirra barna sem skólann sækja á grundvelli samvinnu þeirra sem að skólanum koma. Við vildum móta skýra sýn til framtíðar sem börn, starfsfólk og foreldrar gætu sameinast um.
- **Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:** Þær leiðir sem valdar voru var að samtal yrði um markmið og leiðir í skólasamfélaginu þar sem börn, starfsfólk og foreldrar gætu komið með sína sýn að vinnunni og haft áhrif á hana. Í byrjun fékk starfsfólk kynningu á nýrri aðalnámskrá og svo var notast við heimskaflaðferðina til að allir hefðu jafna möguleika á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og til að draga fram það sem þátttakendur voru sammála um. Haldnir voru fundir með starfsfólki, foreldrum og börnum þar sem sjónarmið allra fengu að koma fram.
- **Frávik miðað við áætlun verkefnisins:** Verkefnið tók lengri tíma en áætlað var. Því var fengin frestur til að skila lokaskýrslu um 6 mánuði.
- **Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins:** Helstu hindranir voru tímaleysi og kom það berlega í ljós að þegar vanda á til verks og fá fram hliðar allra hagsmunaaðila þá tekur það tíma, bæði að afla upplýsinganna og vinna úr þeim.
- **Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu:** Stærsti ávinningurinn við þetta verkefni var hversu góðar og miklar samræður hægt var að eiga meðal

starfsfólk. Allir eiga hlutdeild í því sem gert var og þegar starfsfólk gengur í takt í átt að markmiði, með þeim leiðum sem það hefur sjálft átt þátt í að móta þá verður takturinn eftir því. Starfsfólk fékk tækifæri til að kynna sér nýja aðalnámskrá og þannig vita betur út á hvað hún gengur og þær hugmyndir sem hún byggir á. Skólanámskráin er svo sannarlega plagg sem allir hafa átt þátt í að móta í Uglukletti. Gott var að fá sjónarhorn

- **Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:** Verkefnið gekk mjög vel og hefur strax haft áhrif á skólastarfið til betri vegar af því leyti að styrkja alla þá sem koma að skólastarfinu í þeirri leið sem valin hefur verið til þess að vinna eftir. Ugluklettur hefur valið að fara óhefðbundna leið í leikskólastarfi á Íslandi og í krafti trúar starfsfólks og foreldra með ígrundun á fræðum og nýjustu rannsóknum tekist að móta það starf sem unnið er eftir.
- **Niðurstöður verkefnisins:** Er fullmótuð skólanámskrá fyrir leikskólann Ugluklett. Leikskólinn Ugluklettur hefur valið sér þá leið að vinna eftir kenningum Jákvaðrar sálfræði og þá helst kenningum um flæði. Í okkar starfi er mikilvægt að allir gangi í takt, allar raddir fá að heyrast og við fáum að þroskast sem sjálfstæðir einstaklingar í lýðræðislegu umhverfi. Við höfum þá sýn að hver einstaklingur hvort sem það er barn eða fullorðin fá að njóta sín og nýta sína styrkleika til þess að þroskast og dafna. Með því að fá styrk úr sprotasjóði gafst okkur tækifæri til þess að ná fram sjónarmiðum allra. Skólasamfélagið í Uglukletti fékk tækifæri til þess að ígrunda og styrkja þær starfsaðferðir sem við nýtum okkur í því starfi sem við höfum valið okkur að nota. Við fengum enn frekari staðfestingu á því að þær starfsaðferðir sem við höfum valið okkur hafa góðan samhljóm með nýrri aðalnámskrá og þeim áherslum sem í henni eru. Okkur finnst mikilvægt að allir hafi fengið tækifæri til þess að koma að vinnunni og erum þess fullviss að það eigi eftir að gera starfið í Uglukletti skilvirkara. Til þess að farið sé eftir þeim leiðum sem við höfum komið okkur saman um í skólanámskránni munum við nýta okkur hinar ýmsu matsaðferðir til þess að fylgjast með því að við séum á réttri leið. Skólanámskráin er lifandi skjal sem verður í sífellndri endurskoðun og því má segja að verkefnið haldi áfram svo lengi sem Leikskólinn Ugluklettur er starfandi.
- **Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum**

Skólanámskráin verður kynnt fyrir skólasamfélaginu í Uglukletti með viðhöfn og svo má nálgast námskrána á heimasíðu leikskólans [ugluklettur.borgarbyggd.is](http://ugluklettur.borgarbyggd.is).

**Dagsetning:**

**30/5 2014 Kristín Gísladóttir leikskólastjóri**